

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Norður-Brekku, neðri hluta.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 15. febrúar 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norður-Brekku, neðri hluta.

Breytingin tekur til lóðarinnar Krákustígs 1 (áður Oddeyrargötu 4B) og felur í sér að lóðin minnkar úr 360 m<sup>2</sup> í 324,7 m<sup>2</sup>. Samhliða hækkar nýtingarhlutfall lóðarinnar úr 0,356 í 0,395. Við breytinguna stækkar bæjarland á milli lóðanna Krákustígs 1 og Munkaþverárstrætis 18.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 22. febrúar 2023,*

**María Markúsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfudagur: 8. mars 2023